

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 25. maí 2012 staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar. Frestað er staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags er varðar virkjunarsvæði Villinganesvirkjunar, virkjunarsvæði Skatastaðavirkjunar, svæði uppistöðulóns Skatastaðavirkjunar (Baugslón) og tvö línulagnarsvæði milli Blönduvirkjunar og Akureyrar, þ.e. Efríbyggðarleið og Héraðsvatnaleið, sem sveitarstjórn leggur til sbr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 frá 20. febrúar 1997, Hólar í Hjaltadal, aðalskipulag 1990-2010, frá 31. desember 1999, Steinsstaðir, aðalskipulag 1990-2010, frá 17. febrúar 1992 og Varmahlíð, aðalskipulag 1995-2015, frá 23. maí 1996, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 25. maí 2012.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir,

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2012